



KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Reykjavík 3. nóvember 2014

Athugasemdir Kennarasambands Íslands við Þingskjal 243 – 214. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008

Kennarasamband Íslands gerir athugasemd við 4 gr. frumvarpsins sem fjallar um heimild til gjaldtöku vegna rafræns námsefnis. Í því sambandi er minnt á 51 gr. gildandi laga nr. 92/2008 þar sem segir um námsgögn:

Í fjárlögum ár hvert skal tilgreind sú fjárhæð sem veitt er til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna. Ráðherra setur reglur um skiptingu fjárens og fyrirkomulag þessa stuðnings.

Frá gildistöku laganna hefur þetta ákvæði aldrei komið til framkvæmda, en ljóst að tilgangur ákvæðisins er að draga úr kostnaði vegna skólagöngu ungmenna í framhaldsskóla og vilji löggjafans að stefna í átt að gjaldfrjálsum framhaldsskóla. Kennarasamband Íslands hefur um árabíl talað fyrir gjaldfrjálsum framhaldsskóla og þar með að námsgögn séu nemendum að kostnaðarlausu. Því gerir félagið athugasemdir við umrætt ákvæði laganna sem mun leggja auknar álögur á nemendur í framhaldsskólum þvert á það sem að var stefnt þegar lög um framhaldsskóla voru sett árið 2008.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands,

Guðríður Arnardóttir

Formaður Félags framhaldsskólakennara

Ólafur H. Sigurjónsson

Formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum